

10. fundur Starfshóps um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 22 ágúst 2019, kl. 8:15.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður forföll
Ómar Freyr Rafnsson
Stefán Már Gunnlaugsson
Halldóra Einarsdóttir
Hrund Einarsdóttir

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu
Geir Bjarnason Íþrótt- og tómstundarfulltrúi forföll
Sigríður Kristín Hafþórsdóttir Framkvæmdastjóri Sörla

Eftirfarandi var tekið fyrir.

Á fundinn mættu einnig Sigurður Þorvarðarson og Atli Már Ingólfsson formaður Sörla.

1. Skýrsla starfshóps

Sigurður lagði fram húsrýmisáætlun sem var gefin út í apríl 2018 og deiliskipulag af svæðinu. Verkefni hópsins er að rýna húsrýmisáætlunina og koma með tillögur um fækkun fermetra, einnig var rætt um að reiðhöllin myndi færast frá fyrri tillögu og stæði sem sjálfstæð eining, þar sem tengibygging væri milli núverandi húss og reiðhallar. Rætt var um mögulega bergfestingu, sem gerir burðarvirki reiðhallar ódýrari. Rætt almennt um verkefnið og hafa fulltrúar Sörla skoðað aðra möguleika, ekki þótti tímabært að skoða tillögu þeirra fyrr en starfshópurinn hefur yfirfarið húsrýmisáætlun.

Fleira var ekki gert – næsti fundur verður fimmtudaginn 29. ágúst, kl 8:15

Fundi var slitið kl. 9:15.